

Safn Jóns Sigurðssonar
Jón Sigurðsson Museum

# Sumarháskólinn á Hrafnseyri 10 ára 2006 - 2016

# Summer school in Hrafnseyri 2006 - 2016




BRJÓSTMYND AF JÓNI SIGURÐSSYNI GERÐ AF NORSKA
MYNDHÖGGVARANUM B. BERGSLIEN.

# Sumarháskólinn á Hrafnseyri
# 10 ára 2006 - 2016

# Summer school in Hrafnseyri
# 2006 - 2016



Staðarhaldarar á Hrafnseyri
Valdimar Jón Halldórsson og Ólöf Björk Oddsdóttir

The Directors at Hrafnseyri
Valdimar Jón Halldórsson og Ólöf Björk Oddsdóttir

Safn Jóns Sigurðssonar
Jón Sigurðsson Museum

Prófessorsembætti Jóns Sigurðssonar, Háskóla Íslands, greiddi útgáfu þessa bæklings



2006



# Sumarháskóli í sýningagerð á Hrafnseyri

**16. - 22. júní, 2006**

Safn Jóns Sigurðssonar á Hrafnseyri og Háskólasetur Vestfjarða auglýstu sumarháskóla í sýningagerð á Hrafnseyri í samvinnu við Museumshöjskolen í Danmörku, Riksutställningar í Svíþjóð og Þjóðminjasafn Finnlands.

Sumarháskólinn gaf þátttakendum tækifæri til að læra um sýningahönnun og sýningagerð af fremstu sérfræðingum Norðurlanda. Þar að auki fengu þeir tækifæri til að vinna að eigin hugmyndum um safnið á Hrafnseyri í litlum hópum með leiðbeinendum frá virtum stofnunum. Þannig fengu þátttakendur innsýn í nýjustu strauma og stefnur í faginu sem þeir gátu nýtt sér í hugmyndavinnu sinni um safnið.

Listinn yfir gestafyrirlesara var glæsilegur, þar á meðal var Ralph Appelbaum, stofnandi stærsta sýningarhönnunarfyrirtækis heims. Auk þess voru virtir gestafyrirlesarar frá nær öllum Norðurlöndunum.

**Fyrirlesarar og kennarar á námskeiðinu:**
Tomi Nikander, Finlands Nationalmuseum, Finnlandi; Mats Brunander, Riksutställningar, Svíþjóð; Marieke Burgers, Museumshöjskolen, Danmörku; Mats Widbom, Riksutställningar, Svíþjóð; Ralph Appelbaum, (RAA), Bandaríkjunum; Jeppe Ågård landslagsarkítekt, Danmörku; Eva Silvén, Nordiska Museet, Svíþjóð; Ewa Bergdal, Riksantikvarieämbetet, Svíþjóð; Björn Westeson, Riksutställningar, Svíþjóð; Guðbrandur Benidiktsson, Árbæjarsafni, Íslandi; Valdimar J. Halldórsson, mannfræðingur og staðarhaldari á Hrafnseyri.

Sumarháskólinn er metinn til 4 ECTS eininga í safnafræði við HÍ og í námsbraut um miðlun við HÍ.






2006

# *Museum design at the Hrafnseyri Summer University*

***June 16-22, 2006***

*The Museum of Jón Sigurðsson and the University Centre of the West Fjords announced a course in museum design at Hrafnseyri, in cooperation with Museumhøjskolen in Denmark, Rigsudställninger in Sweden and The National Museum in Finland.*

*The students learned about how to design a museum exhibition from the best museum specialists in the Nordic countries. They worked together in small groups on some of their own ideas for the Jón Sigurðsson museum at Hrafnseyri. The exercise generated new ideas within the group, which they used for further development of the museum.*

*The list of speakers at the conference was magnificent. It included Ralph Appelbaum, the director of the Ralph Appelbaum Association in New York, which is the biggest exhibition firm in the world, together with distinguished speakers from almost all the Nordic countries.*

***Speakers and teachers on the course:***

*Tomi Nikander, The National Museum of Finland; Mats Brunander, Rigsudställninger, Sweden; Marieke Burgers, Museumhøjskolen, Denmark; Mats Widbom, Rigsudställninger, Sweden; Ralph Appelbaum, director of the Ralph Appelbaum Association (RAA), New York, USA; Jeppe Ågård, landscape architect, Denmark; Eva Silvén, Nordiske Museet, Sweden; Ewa Bergdal, Rigsudställninger, Sweden; Björn Westeson, Rigsudställninger, Sweden; Guðbrandur Benidiktsson, Árbær Museum, Iceland; Valdimar J. Halldórsson, anthropologist and director of the Museum of Jón Sigurðsson, Hrafnseyri, Iceland.*

*The course was worth 4 ECTS credits within museum studies and cultural studies at the University of Iceland.*






# Ljósmyndasýning
## ,,Nelson Mandela – örlagavaldurinn''
**Edinborgarhúsinu 10. – 30. nóvember, 2007**

Sýningin samanstóð af 100 ljósmyndum sem teknar voru síðustu 50 ár í lífi Mandela og endurspegla sögu Suður-Afrísku þjóðarinnar á þessu tímabili. Sýningin var á vegum Róta, félags áhugafólks um menningarfjölbreytni í samvinnu við Edinborgarhúsið og safn Jóns Sigurðssonar á Hrafnseyri. Sýningin hafði áður verið sett upp í Noregi og Finnlandi og kom til Ísafjarðar fyrir tilstilli Sigríðar Dúnu Kristmundsdóttur, þáverandi sendiherra Íslands í Suður-Afríku, sendiherra Suður-Afríku í Osló, Ismail Coovadia, og Valdimars J. Halldórssonar staðarhaldara á Hrafnseyri.

Aðeins var um að ræða þessa einu sýningu hér á landi, því myndirnar voru síðan fluttar til S-Afríku þar sem þær voru afhentar Mandela stofnuninni til eignar. Nelson Mandela tók sjálfur á móti þeim við hátíðlega athöfn fyrir hönd stofnunarinnar.







# *The Photography exhibition*

## *„Madiba: Man of Destiny"*

### *Edinborgarhúsið, 10 – 30 Nov, 2007*

*The photographic exhibition, which was dedicated to Nelson Mandela, comprised almost 100 photographs taken over the past 50 years, depicting scenes from Mandela's life and the history of South Africa. The pictures were taken by Dr. Peter Magubane, a well-known South African press photographer. They had already been exhibited in Norway and Finland.*

*The exhibition was organised by Roots, an association supporting cultural diversity, in cooperation with Edinborgarhús Cultural Center and The Museum of Jón Sigurðsson at Hrafnseyri. The exhibition in Ísafjörður was made possible through the South African ambassador in Oslo, Ismail Coovadia, the Icelandic ambassador in South Africa, Sigríður Dúna Kristmundsdóttur and Valdimar J. Halldórsson, the director of the Museum of Jón Sigurðsson, Hrafnseyri.*

*The photographs were not exhibited anywhere else in Iceland. After the exhibition, the photographs were sent back to South Africa where Dr. Magubane handed them over to the Mandela Foundation for preservation.*





# ,,Þjóð og hnattvæðing"

## Ráðstefna haldin á Hrafnseyri

### 16. - 17. júní, 2007

,,Hnattvæðing" er eitt þeirra hugtaka innan félagsvísindanna í dag sem mikið ber á og margt hefur verið skrifað um. Sumir líta hnattvæðinguna jákvæðum augum og telja hana einkennast af auknu verslunarfrelsi, opnari mörkuðum, meira ferðafrelsi og fjölþættari tæknivæðingu. Aðrir eru neikvæðari og líta á hana sem æ þéttriðnara net af vörum, þjónustu og fólki, sem teygir sig yfir lönd, ríki og álfur, og bindur þau saman í eina stóra heild. Hnattvæðingin er þá skoðuð sem nýtt, stórt og voldugt ,,svæði" sem beygir og sveigir lönd, ríki og samfélög undir sínar reglur, lög og venjur, og gerir þau einsleit. Enn aðrir benda á, að hnattvæðingin hafi líka gert samfélögin margbreytilegri og mótsagnakendari en áður, þar sem heimsborgararnir trjóna á toppnum á meðan þeir ,,innfæddu" sitja eftir á botninum. Sumir höfundanna sjá heiminn sem eitt stjórnlaust kerfi sem sett hefur af stað þróun er valdið hefur margvíslegum hliðarverkunum sem ekki sé hægt að stoppa eða sjá fyrir endann á. Enn aðrir sjá heiminn í dag sem formlausa veröld án umgjörðar, valdamiðju, landamæra eða annarra hindrana. Hugtök eins og að vera ,,heima eða að heiman", að vera ,,staðbundinn eða hnattrænn", að vera ,,hefðbundinn eða nútímalegur", að vera ,,hér eða þar" o.s.frv. eru ekki jafn aðgreind og auðskilin eins og áður. Áhrif hnattvæðingarinnar eru þess vegna miklu meiri og flóknari en okkur óraði fyrir.

**Hvaða áhrif hefur hnattvæðingin á þjóð og þjóðernisstefnu í dag?**
Þekktum fyrirlesurum af ýmsum fagsviðum eins og t.d. sögu, stjórnmálafræði, mannfræði og Evrópufræðum var boðið að taka þátt í ráðstefnunni og fjalla um þessi flóknu fyrirbæri.

**Fyrirlesararnir sem hér um ræðir voru:**
Lene Hansen, Kaupmannahafnarháskóla, Danmörku; Ole Wæver, Kaupmannahafnarháskóla, Danmörku; Liah Greenfeld, Bostonháskóla, Bandaríkjunum; Birgir Hermannsson, Háskólanum á Bifröst; Gudmundur Hálfdanarson, Háskóla Íslands. Eiríkur Bergmann Einarsson, Háskólanum á Bifröst; Auðunn Arnórsson, Ísland. Valdimar J. Halldórsson, staðarhaldari á Hrafnseyri.



*Ráðstefnugestir*
*Guests at the conference*



2007

# *"Nation and globalization"*
## *A Conference held at The Museum of Jón Sigurðsson, Hrafnseyri*
### *16-17 June, 2007*

*"Globalisation" is one of the most commonly used terms in social sciences today. Some welcome the globalisation process in the form of free trade, open markets, digitisation, mobile and virtual technologies etc. Others are more critical towards this process and regard it as a shrinking world where local differences are steadily eroded and subsumed within a massive global social order. The "global" is then regarded as a new large and powerful "region" that can homogenise localities, regions, nation-states, environments and cultures and bend them to its mighty will. Still others maintain that the world has also become more horizontally fragmented and vertically polarised and stratified with "cosmopolitan" people at the top and "indigenous" people at the bottom.*

***How does one regard the nation and nationalism within this dynamic and complex process?***
*We invited some distinguished researchers to come to Hrafnseyri and discuss this phenomenon. The researchers came from various disciplines, such as history, political science and anthropology, and work in Iceland, Denmark, and the USA:*
*Lene Hansen, Copenhagen University, Denmark; Ole Wæver, Copenhagen University, Denmark; Liah Greenfeld, Boston University, USA; Birgir Hermannsson, Bifröst University, Iceland; Guðmundur Hálfdanarson, University of Iceland; Eiríkur Bergmann Einarsson, Bifröst University, Iceland; Auðunn Arnórsson, Iceland; Valdimar J. Halldórsson, director of the Museum of Jón Sigurðsson, Hrafnseyri, Iceland.*



*Prófessorarnir Ole Wæver og Liah Greenfeld*
*Professor Ole Wæver and professor Liah Greenfeld*



2008




# ,,Hindranir burt"

## Alþjóðleg heimildamyndahátíð og ráðstefna

### Ísafirði 29. maí - 1. júní, 2008

29. maí - 1. júní hélt NAFA, (Félag Norrænna mannfræðinga í sjónrænni mannfræði), Safn Jóns Sigurðssonar á Hrafnseyri og Háskólasetur Vestfjarða alþjóðlegra heimildamyndahátíð og ráðstefnu undir nafninu „Breaking the barriers" eða ,,Hindranir burt" í Edinborgarhúsinu á Ísafirði. Hátíðin/ráðstefnan var haldin í samvinnu við Rætur, félag áhugafólks um fjölmenningu, á Ísafirði, Mannfræðideild Háskóla Íslands og Mannfræðifélag Íslands. Sendiherra Kanada, frú Anna Blaufeldt opnaði hátíðina, en Kanada styrkti komu eins af fyrirlesurum ráðstefnunnar.

Fyrirlesararnir komu frá Bandaríkjunum, Kanada, Englandi, Norðurlöndunum, Afríku og Íslandi. Myndirnar sem sýndar voru á hátíðinni eru gerðar af fólki hvaðanæva úr heiminum, t.d. Noregi, Bretlandi, Belgíu, Brasilíu, Ungverjalandi, Þýskalandi, Kanada, Malaví, Mósambík, Suður-Afríku og Kamerún auk Íslands. Stór hluti kvikmyndagerðarfólksins var viðstatt sýningar mynda sinna á hátíðinni. Myndirnar fjölluðu um fólk sem býr á ýmsum jaðarsvæðum heimsins og nær að yfirstíga margvíslegar hindranir sem það býr við í sínu daglega lífi. Einnig var fjallað um umbrot og hræringar á milli ýmissa akademískra fræða í þverfaglegu samhengi þar sem blandað var saman fögum eins og mannfræði og listum, mannfræði og landafræði o.fl. með það fyrir augum að rannsaka heiminn á nýjan hátt en áður hefur tíðkast.





2008

# *Breaking the Barriers*

## *An International Documentary Film Festival and Conference*

***29 May – 01 June, 2008 in Ísafjörður, Iceland.***

*The NAFA (the Nordic Anthropological Film Association) conference and film festival was held in Ísafjörður, Iceland. It was organised by NAFA and the Museum of Jón Sigurdsson at Hrafnseyri, in collaboration with the University Centre of the Westfjords, Edinborgarhúsið (a then-brand new cultural centre in Ísafjörður) and Roots (a non- governmental organisation for multicultural society), The Department of Anthropology at The University of Iceland, and Mannfræðifélagið (The Organisation of Anthropologists in Iceland). The conference was opened by Mrs Anna Blaufeldt, the Canadian ambassador to Iceland.*

*In keeping with NAFA tradition, speakers and filmmakers were invited from other parts of the world. The conference was an arena where a variety of experiences and visions mixed up in a whirlwind of thoughts, images, and good atmosphere. The theme "Breaking the Barriers" – was taken as a starting point, reflecting on the visible and the invisible barriers in both our own research projects and in the discipline of documentary filmmaking.*





# Kaþólskir Vestfirðir í fortíð og nútíð

**Málþing á Hrafnseyri 22. ágúst, 2008**

Málþingið var haldið á Hrafnseyri í samvinnu við Vestfirðir á miðöldum, Háskólasetur Vestfjarða, Fjölmenningasetur, Héraðsskjalasafnið á Ísafirði og Vestfjarðarprófastsdæmi. Fjallað var um sögu miðaldakristni á Vestfjörðum og þær breytingar sem nú eru að verða með fjölda nýrra íbúa, sem margir hverjir aðhyllast kaþólskan sið. Fyrirlesarar voru: Prófessor Torfi H. Tulinius, dr. Einar Sigurbjörnsson, Gunnvör Karlsdóttir, prófessor Margret Jean Cormack, prófessor Helga Kress, Micaela Kristin-Kali og Anna Wojtinska.





*Professor Margret Jean Cormack*

# *Catholicism in the Westfjords During the Middle Ages and Today*

### *A Conference at Hrafnseyri, 22 August, 2008*

*The conference was held at Hrafnseyri in cooperation with "The Westfjords in the Middle Ages," The University Centre of the West Fjords, The Regional Archives in Ísafjörður, and the Federation of Parishes in the Westfjords. The lecturers at the conference discussed Catholicism in the Westfjords during the Middle Ages and the changes which are happening in the region today due to the many immigrants (20 – 40% of residents), who have settled during the last 20 years in the Westfjords to work primarily in the fishing industry, and who come originally from Catholic countries (mainly Poland). The lecturers were professor Torfi H. Tulinius, Dr. Einar Sigurbjörnsson, Dr. Gunnvör Karlsdóttir, Professor Margret Jean Cormack, Professor Helga Kress, Micaela Kristin-Kali and Anna Wojtinska.*







# Þjóðir og þjóðernisstefna á tímum hnattvæðingar

**Fimm daga námskeið á Hrafnseyri, 27. - 31. júlí, 2009**

Námskeiðið var alþjóðlegt, kennt á ensku og opið öllum. Á námskeiðinu kynntust nemendur helstu kenningum og viðhorfum sem varða hugtökin þjóð, þjóðerni og þjóðernisstefna. Fjallað var um tengsl fólks við þjóð sína, þjóðflokk (e. an ethnic group) og samfélag þjóða eins og Evrópubandalagið. Einnig var fjallað um ýmsa fylgifiska hnattvæðingarinnar, eins og fjölmenningu og heimsborgarmenningu (e. cosmopolitanism). Saga Íslands og sjálfstæðisbarátta landsins var aðalefni námskeiðsins, en dæmi frá öðrum löndum og þjóðum voru einnig notuð til útskýringa.

Kennarar námskeiðsins voru þeir Richard Jenkins prófessor í félagsfræði við Sheffield háskólann í Bretlandi og Valdimar J. Halldórsson, mannfræðingur og safnstjóri Safns Jóns Sigurðssonar á Hrafnseyri.







# *Nations and Nationalism in a Global World*

## *Iceland in the Past, Present and Future*

***27-31 July, 2009***

## *A five-day international course in the Westfjords of Iceland.*

*Hrafnseyri, an old farm, is a distinguished place in the history of Iceland. It is the birthplace of Jón Sigurðsson (1811-1879), the principal hero of Iceland's struggle for independence in the 19th century. It also houses the Museum of Jón Sigurðsson. You will not find a better place to study the country's struggle for independence, and the concept of a nation and nationalism in the past, and in the present time of globalisation. The beautiful scenery of Arnarfjörður, with its spectacular mountains and deep blue sea, where you may come across a seal or even a whale, together with the colony of Common eider ducks and the Arctic terns, makes a perfect and a picturesque environment in which to study.*

*In close co-operation with the University Centre of Westfjords in Ísafjörður, the Museum of Jón Sigurðsson has arranged summer courses at Hrafnseyri since 2006. The present five-day course, which took place July 27 – 31 in 2009, introduced participants to concepts, theories and approaches to nations, nationalism, identity (national-ethnic- and/or European identity), multiculturalism, power and cosmopolitanism within social sciences, where Iceland and its struggle for independence served as the main case study – although examples from other countries in the world were used as well.*

*The focus of the course was on how people are born into a national culture everywhere in the world, and how they create, prolong or change their national identity throughout their lifetimes.*

*The teachers on the course were Professor Richard Jenkins, Sheffield University, and Valdimar J. Halldórsson, Director of the Museum of Jón Sigurðsson.*



2010



# Strand- og menningarferðamennska

**Námskeið 11. -13. júní, 2010**

Hrafnseyri, Háskólasetur Vestfjarða og Fræðslumiðstöð Vestfjarða ákváðu í sameiningu að bjóða upp á helgarnámskeið í strand- og menningarferðamennsku á Hrafnseyri, helgina 11.-13. júní. Kennt var á íslensku og ensku. Námskeiðið hófst föstudaginn 11. júní í Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Suðurgötu 12, Ísafirði, þar sem farið var yfir dagskrá námskeiðsins. Námskeiðið hélt svo áfram á Hrafnseyri laugardag 12. júní. Seinni partinn þann dag var farið á bát til Bíldudals, þar sem Skrímslasafnið var skoðað. Sunnudaginn 13. júní, fjallaði dr. Marc L. Miller um strandferðamennsku.

Kennarar voru dr. Marc L. Miller prófessor við Washington Háskóla í Seattle í Bandaríkjunum og Valdimar J. Halldórsson mannfræðingur og staðarhaldari á Hrafnseyri.





2010

# *Cultural Tourism and Identity in the Westfjords of Iceland*

## *11-13 June, 2010, the Museum of Jón Sigurðsson, Hrafnseyri*

*Cultural tourism is an umbrella term for a range of tourism typologies and diverse activities which have a focus on culture in its broad sense. Cultural tourists seek personal, authentic, and sincere experiences in destinations and their interaction with their hosts. They often want to gain an understanding of the host society's culture, and through this, discover something about themselves.*

*Destinations such as Hrafnseyri in Arnarfjörður, and other heritage sites representing a nation's past, are an important element in the construction of a national identity, being sites of significance which help to create a common identity or "imagined community" among the population.*

*Coastal tourism, including in and around magnificent Arnarfjörður, includes a wide variety of activities which connect the visitor with nature and foster his/her interactions with the local population. It also entails the discovery of, and reflection upon, cultural and identity differences.*

*Participants experienced the tranquillity of the Westfjords while exploring and analysing several examples of small scale Westfjords tourism.*

*Teachers: Professor Marc L. Miller, The University of Washington, Seattle, USA, and Valdimar J. Halldórsson, Mag.art in Anthropology and director of the Museum of Jón Sigurðsson.*







# Safnfræðsla – að læra og kenna á safni/setri á Hrafnseyri, við Arnarfjörð

**19.- 21. ágúst, 2011**

Sumarháskóli í safnfræðslu var þriggja daga hagnýtt námskeið á Hrafnseyri, þar sem farið var yfir kenningar í safnfræðslu, aðferðarfræði og lausnir á raunverulegum verkefnum í safnafræði. Námskeiðið var öllum opið sem áhuga höfðu á þessu brýna viðfangsefni. Það höfðaði þó sérstaklega til kennara, safnamanna og -kvenna, starfsmanna sýninga og setra, aðila í ferðaþjónustu og að sjálfsögðu háskólanema við Háskóla Íslands, Háskólann á Hólum og Háskólann á Akureyri. Þátttakendur gátu einnig komið með eigin verkefni til úrvinnslu á námskeiðinu.

Kennarar á námskeiðinu voru: Sigurjón B. Hafsteinsson lektor í safnafræði við Félags- og mannvísindadeild Félagsvísindasviðs Háskóla Íslands, Alma Dís Kristinsdóttir menntunarfræðingur og deildarstjóri safnfræðslu á Listasafni Reykjavíkur og Bergsveinn Þórsson, listfræðingur, framhaldsskólakennari og safnkennari við Listasafn Reykjavíkur.







# *Museum Education – To Study and Teach in a Museum*

### *19-21 August, 2011 at the Museum of Jón Sigurðsson*

*This summer course in museum education was a three-day practical course where students were introduced to theories, methodologies, and various solutions in practical exhibition projects. The course was open for all who are interested in this important subject, although it was of special interest to teachers, university students, and people who already work in museums, exhibitions, and tourism. The participants in the course had the opportunity to work on their own project ideas.*

*The course was held by the Department of Museum Studies and The Research Centre of Museum Studies at the University of Iceland.*

*Teachers: Dr. Sigurjón B. Hafsteinsson, Museum Studies the University of Iceland; Alma Dís Kristinsdóttir, director for Department of Museum Teaching, Reykjavík Art Museum; and Bergsveinn Þórsson, museum teacher at Reykjavík Art Museum.*







# Alþjóðlegur vettvangsskóli í fornleifafræði

**5. - 17. ágúst, 2012**

Byrjað var að undirbúa fornleifauppgröft á Hrafnseyri árið 2011 þegar könnunarskurðir voru gerðir á staðnum. Hinn eiginlegi fornleifauppgröftur hófst svo árið eftir, þegar 10 fornleifafræðinemar, frá hinum ýmsu háskólum í Bretlandi og Skotlandi, dvöldu í 12 daga í ágúst við uppgröft og nám á Hrafnseyri undir stjórn Margrétar Hallmundsdóttur, fornleifafræðings hjá Náttúrustofu Vestfjarða í Bolungarvík. Á Hrafnseyri fannst jarðhýsi frá 10. öld ásamt eldstæðum og holum sem að öllum líkindum eru eldunarholur.



**Fornleifauppgröftur var gerður í forna kirkjugarðinum á Hrafnseyri undir stjórn Margrétar H. Hallmundsdóttur og Guðrúnar Zoega**

# Fyrirlestrarröð við Háskólasetur Vestfjarða veturinn 2012 - 2013

Fyrirlestrarröð var haldin í Háskólasetri Vestfjarða veturinn 2012 - 2013 á vegum Sumarháskólans á Hrafnseyri og prófessorsembættis Jóns Sigurðssonar við Háskóla Íslands. Þar komu fram ýmsir fyrirlesarar eins og til dæmis prófessorarnir Eggert Þór Bernharðsson, Jón Karl Helgason og Rúnar Helgi Vignisson, dósent.







# *International Field School in Archaeology*

***05-17 August, 2012***

*In 2011, Margrét Hrönn Hallmundsdóttir, an archaeologist at Náttúrustofa Vestfjarða (the Natural History Institute of the Westfjords), had already started to prepare excavation at Hrafnseyri, which she began the year after. Ten students from various universities in the UK stayed at Hrafnseyri for 12 days in August for this field school for archaeology students, during which they uncovered sites and artefacts from the 10th century.*

# *Lectures at the University Centre of the Westfjords, Ísafjörður, 2012-2013*

*Several lectures by the Museum of Jón Sigurðsson, Hrafnseyri, and the professoriate of Jón Sigurðsson at the University of Iceland were scheduled at the University Centre of the Westfjords in 2012 and 2013.*







# Sumarháskóli í safnfræðslu

## söfn og umhverfi sem námsvettvangur

**24. – 26. ágúst, 2012**

Þriggja daga hagnýtt helgarnámskeið sem haldið var á vegum námsbrautar í safnafræðum, Rannsóknaseturs í safnafræðum við Háskóla Íslands og Sumarháskóla Hrafnseyrar.

Innifalið í verðinu var námskeiðsgjald, huggulegt svefnpokapláss, morgunmatur, kaffi og meðlæti, léttur hádegisverður og kvöldmatur, ásamt vettvangsferðum í Skrímslasetrið og Melódíur minninganna á Bíldudal og safn Samúels Jónssonar í Selárdal.

Safnfræðsla (e. museum education) er óaðskiljanlegur þáttur safnastarfs – ef ekki megintilgangur þess. Söfn og umhverfi sem skapandi námsvettvangur gegna mikilvægu hlutverki fyrir alls konar fólk. Vettvangsferðir sem námsleið eru nátengdar safnfræðslu. Söfn og umhverfi geta verið líflegt kennsluform og náð til allra skólastiga. Unnið var með sjónrænan vettvang náms, kennslumódel og kennsluaðferðir sem henta vel á söfnum og í vettvangsferðum ásamt því að skoða nálganir á safnfræðslu fyrir ólíka hópa og aðstæður. Tilraunir voru gerðar með upplifun og virkjun allra skynfæra – að horfa, hlusta, lykta, snerta og/eða bragða ef svo ber undir. Á námskeiðinu var rýnt í hugmyndir um menntunarhlutverk safna og hugmyndir um fagurfræðilega upplifun sem geta komið að góðu gagni í verkfærakistu kennara, safnafólks og leiðsögumanna. Kenningar og nálganir voru skoðaðar sem geta gagnast á hvaða safni eða umhverfi sem er. Námskeiðið var öllum opið sem áhuga hafa á viðfangsefninu en sérstaklega var höfðað til kennara á









leik- og grunnskólastigi, sem og safnmanna og aðila í ferðaþjónustu sem nýta sér söfn.

## Kennarar:

Sigurjón Baldur Hafsteinsson, PhD, dósent í safnafræðum við Félagsvísindasviðs Háskóla Íslands. Hann hefur starfað á ýmsum söfnum s.s. Þjóðminjasafni Íslands, Listasafni Háskóla Íslands og Minjasafni Reykjavíkur. Hann er fyrrverandi safnstjóri Ljósmyndasafns Reykjavíkur, Kvikmyndasafns Íslands og Menningarmiðstöðvar Þingeyinga. Sem safnstjóri hefur hann komið að skipulagningu og framkvæmd fjölmargra safnfræðsluverkefna.

Alma Dís Kristinsdóttir, BFA og M.Ed., doktorsnemi í safnafræði og safnstjóri Norska hússins – Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla í Stykkishólmi. Alma Dís hefur starfað við Listasafn Reykjavíkur, Listasafnið á Akureyri og Denver Art Museum í Colorado í Bandaríkjunum. Hún hefur unnið nokkur fræðsluverkefni fyrir Listasafn Sigurjóns Ólafssonar og er stundakennari í safnafræði við Háskóla Íslands.

Bergsveinn Þórsson, BA í listfræði, MA í safnafræði, starfar við Minjasafn Reykjavíkur. Hann hefur starfað sem framhaldsskólakennari við Borgarholtsskóla, unnið að ýmsum verkefnum fyrir Listasafn Íslands og sinnt safnkennslu og nýsköpunarverkefnum fyrir Listasafn Reykjavíkur. Bergsveinn er safnkennari við Landnámssýningin Reykjavík 871±2 og Árbæjarsafn.

Þóra Sigurbjörnsdóttir, BA í listfræði og B.ED í grunnskólakennarafræði, leggur stund á mastersnám í safnafræði við Háskóla Íslands og starfar við Hönnunarsafn Íslands. Þóra hefur starfað sem umsjónarkennari við Langholtsskóla, unnið fyrir Listasafn Sigurjóns Ólafssonar og Listasafn Íslands.

Sigurlaugur Ingólfsson, starfsmaður og safnkennari við Árbæjarsafn, Reykjavík.






# A Summer Course in Museum Education
## - museums and their surroundings as an area of study
### 24-26 August, 2012 at the Museum of Jón Sigurðsson

*Museum education is an important part of a museum's service – if not the most important one. Museums and their surroundings are important and inspiring educational fields for various groups of people. Visits to these fields are an important part of museum education and can be a lively teaching form for all types of subjects taught in schools. The course participants were introduced to visual education, teaching models, and methodologies for museums. Furthermore, the participants experienced the surroundings with their senses – sight, hearing, taste, smell, and touch. The purpose of museum education was discussed, as well as aesthetic experience, which will be helpful for teachers, people working in museums, as well as for tourist guides. Various theories were discussed, designed to be helpful for archivists, curators, and other museum workers. The course was open for all people who are interested in the subject. It was open for people working in museums, as well as for people in the tourist industry whose work is connected to museums in various ways, and it was particularly interesting for teachers working in kindergartens and primary schools.*

*Teachers:*
*Dr. Sigurjón B. Hafsteinsson, director of Museum Studies at the University of Iceland; Alma Dís Kristinsdóttir, director of Museum Education, Reykjavík Art Museum; Bergsveinn Þórsson, Museum Education teacher at Reykjavík Art Museum; Þóra Sigubjörnsdóttir, Museum of Design and Applied Art, Reykjavík; and Sigurlaugur Ingólfsson, teacher in Museum Education at Árbær Museum, Reykjavík.*





# „Alien Energy Storytelling Workshop"

## 24. - 26. október, 2013 Reykjavík

„Alien Energy Storytelling Workshop", var samstarfsverkefni Hrafnseyrar og verkefnis við IT háskólann í Kaupmannahöfn, sem kallast „Alien Energy. Social Studies of an Emerging Industry" (http://alienenergy.dk/). Hér var um að ræða alþjóðlegt námskeið fyrir doktorsnema í félagsvísindum við IT háskólann, þ.e. nemenda sem stunda samanburðarrannsóknir á endurnýjanlegri orkuvinnslu á Íslandi (gufuaflsvirkjunum), Danmörku (sjávarfallavirkjun) og Orkneyjum (sjávarfallavirkjun). Námskeiðið átti að halda á Hrafnseyri, en vegna anna nokkurra stjórnenda verkefnisins var ekki hægt að halda það fyrr en í lok október, og þá var ákveðið að halda það í Reykjavík. Leiðbeinendur á námskeiðinu voru meðal annars prófessorarnir John Law frá Open University í Bretlandi og Marianne Lien, frá Óslóar háskóla.

# *Alien Energy Storytelling Workshop*

## *24-26 October, 2013, Reykjavík*

*The Alien Energy Storytelling Workshop in Reykjavík was a collaborative project between the Museum of Jón Sigurðsson, Hrafnseyri, and the IT University in Copenhagen, Denmark, called "Alien Energy. Social Studies of an Emerging Industry" (see: http://alienenergy.dk). It is an energy research project conducting a comparative analysis of the impact and effects of renewable energy initiatives at several sites within Europe (Denmark, Iceland, and the Orkney Islands, UK). Drawing its inspiration from the intersection of Anthropology and Science and Technology Studies, the research project focuses on how green energy creates and reconfigures relations between humans, technologies, and nature at project sites. Professor John Law from the Open University and Professor Marianne Lien, Oslo University, were the main advisers at the workshop.*





# Í byrjun tveggja alda

## Ráðstefna 6. og 7. september 2013, Hrafnseyri og Ísafirði

Fyrri dagur ráðstefnunnar fór fram á Hrafnseyri. Þar var fjallað um hvað var í gangi á Íslandi í byrjun 20. aldar, hvaða hugmyndafræði réði ríkjum við umhverfismótun, hvaðan fyrirmyndirnar komu og hvaða viðfangsefni og áherslur var verið að vinna með. Tekin voru dæmi úr verkum Rögnvaldar Á. Ólafssonar og mótunarferli vestfirskra bæja og byggða.

Síðari dagurinn fór fram í Edinborgarhúsinu Ísafirði. Þá var megináherslan lögð á hvar við stöndum í byrjun 21. aldar, hvernig þessi mál hafa þróast á Íslandi og hvaða hugmyndafræði ræður ferðinni nú. Tímabilin tvö voru borin saman og skilgreint hvernig þau eru ólík og hvað þau eiga sameiginlegt. Jafnframt var fjallað um hvaða lærdóm megi draga af viðhorfum og vinnubrögðum „aldamótakynslóðarinnar“ við mótun nýrrar framtíðarsýnar.

Meðal fyrirlesaranna voru prófessor Guðmundur Hálfdanarson, Pétur H. Ármannsson, Einar E. Sæmundssen, Ólína Þorvarðardóttir, Sigurður Pétursson, Kjartan Árnason, Sigfús Guðfinnsson, Dagný Arnarsdóttir, Helgi B. Thoroddsen og Borghildur Sölvey Sturludóttir.







# *"At the beginning of two centuries"*

## *06-07 September, 2013, Hrafnseyri and Ísafjörður*

*The Rögnvaldur Ólafsson Institute hosted a symposium on the ideology of two generations at the beginning of the $20^{th}$ century and the $21^{st}$ century. It took place on Friday $6^{th}$ September at Hrafnseyri, and on Saturday the $7^{th}$ at Ediborgarhúsið in Ísafjörður.*

*On the first day at Hrafnseyri, the lecturers and panels addressed the ideology that shaped the beginning of the $20^{th}$ century in terms of the formation of the environment, what paradigms were predominant and what challenges were addressed at that time.*

*On day two in Ísafjörður, the emphasis was on where we stand at the beginning of the $21^{st}$ century. How things have developed in Iceland, and what ideology is ruling at the moment.*







# „Vettvangsskóli í fornleifafræði á Hrafnseyri“

**11. ágúst - 6. september, 2013, Hrafnseyri**

Námskeiðið „Vettvangsskóli í fornleifafræði á Hrafnseyri“ var haldið í samstarfi við Fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða undir stjórn Margrétar Hallmundsdóttur fornleifafræðings. Vettvangsskólinn hefur starfað á Hrafnseyri undanfarin tvö ár með um 8-10 nemendum árlega frá hinum ýmsu háskólum í Bretlandi og Skotlandi. Við uppgröft nemanna fundust minjar skála, tveggja jarðhýsa og tveggja smiðja, auk kirkju og kirkjugarðs frá fyrri hluta 11. aldar og óvenju breiðs garðs eða veggjar.

# *Field School in Archaeology at Hrafnseyri*

***11 August - 06 September, 2013***

*The field school was held in collaboration with the Department of Archaeology at Náttúrustofa Vestfjarða (Natural History Institute of the Westfjords) in Bolungarvík, led by the archaeologist Margrét H. Hallmundsdóttir. During 2012 and 2013, The field school was limited to 10-12 students who came from various universities in England and Scotland. Through excavation, the students found several houses, a church, and a graveyard from the beginning of the 11$^{th}$ century.*







# Fostering Adult Learner Empowerment through Storytelling and Folklore

**Hrafnseyri, 26. – 28. maí, 2013**

Alþjóðlegt menningarverkefni sem byggist á því að deila og miðla þekkingu á þjóðsögum og þjóðsagnahefð milli landa var haldið á Hrafnseyri 26 - 28. maí. Þrjátíu manna hópur frá Íslandi, Búlgaríu, Írlandi, Englandi og Þýskalandi dvaldist á Hrafnseyri í þrjá daga og hlustaði á og kynnti sér íslenskan kvæðasöng, sögu staðarins og fleiri sögur úr héraðinu auk Íslendingasagna. Verkefnið, sem unnið var í samstarfi við Náttúrustofu Vestfjarða í Bolungarvík, var undir stjórn Margrétar Hallmundsdóttur fornleifafræðings.

# *Fostering Adult Learner Empowerment through Storytelling and Folklore*

***26-28 May, 2013, Hrafnseyri***

*An international cultural project on the exchange national folk tales between five countries was held at Hrafnseyri on 26-28th May. 30 people from Iceland, Bulgaria, the UK, Germany, and Ireland met at Hrafnseyri to learn about Icelandic Sagas, Icelandic poems and local folk tales. The course was held in collaboration with Náttúrustofa Vestfjarða (the Natural History Institute of the Westfjords) in Bolungarvík, and the leader of the course was the archaeologist Margrét H. Hallmundsdóttir.*



2013



# Leshópur um Hrafn Sveinbjarnarson

Árið 2013, voru 800 ár liðin frá aftöku Hrafns Sveinbjarnarsonar á Hrafnseyri. Ráðstefna var haldin á Hrafnseyri til minningar um Hrafn, sem talið er að hafi verið vinsælasti höfðingi landsins og fyrsti læknirinn, sem stundað hefur vísindalegar lækningar hér á landi, sem hann lærði á Ítalíu (Salerno). Einn liður í undirbúningnum að ráðstefnunni var stofnun leshóps á norðanverðum Vestfjörðum, sem las saman „Sögu Hrafns Sveinbjarnarsonar".








# *A Reading Group about Hrafn Sveinbjarnarson*

*A reading group was established in remembrance of Hrafn Sveinbjarnarson, and met in Ísafjörður, where we read the Saga of Hrafn together. The memorial conference "Hrafn Sveinbjarnarson – a chief, pilgrim and a doctor," was also held at Hrafnseyri on 24th August 2013, because Hrafn, who was probably the most popular chief in Iceland during the Middle Ages, is also regarded as the first "modern" doctor in the country, having studied medicine in the oldest medical school of Europe, The Schola Medica Salernitana, which was founded in the 9th century in Salerno, Italy. Hrafn Sveinbjarnarson was executed at Hrafnseyri over 800 years ago, in 1213.*





# Hátíðardagskrá á Hrafnseyri
## Hrafn Sveinbjarnarson - höfðingi, pílagrímur og læknir
### 24. ágúst, 2013

Hrafnseyri er sennilega þekktust í hugum Íslendinga í dag fyrir að vera fæðingarstaður Jóns Sigurðssonar, enda skammt síðan haldið var upp á 200 ára fæðingarafmæli hans á staðnum. Minna hefur farið fyrir kynningu á höfðingjanum Hrafni Sveinbjarnarsyni gegnum árin, sem einnig var fæddur á Hrafnseyri. Árið 2013 voru liðin 800 ár frá því að hann var tekinn af lífi á Eyri við Arnarfjörð, sem síðar var nefnd í höfuð honum og kölluð Hrafnseyri. Hrafn Sveinbjarnarson var einn vinsælasti og merkasti höfðingi landsins á þessum tíma, en höfðingjaveldi hans náði frá Ísafjarðardjúpi suður um alla Vestfirði og norðanverðan Breiðafjörð. Hann var víðförull og ferðaðist meðal annars til Noregs, Englands, Frakklands, Spánar og Ítalíu á sinni stuttu ævi, en hann var rúmlega fertugur þegar hann lést. Hann var kirkjunnar maður og vildi veg hennar sem mestan, en síðast en ekki síst er Hrafn talinn vera fyrsti læknirinn á Íslandi.

Til að minnast Hrafns Sveinbjarnarsonar á þessum tímamótum og kynna hann og sögu hans, var haldin eins dags hátíðardagskrá á Hrafnseyri, þann 24. ágúst 2013.

Hátíðardagskráin var endurtekin um haustið í Þjóðminjasafni Íslands í Reykjavík þann 5. október.







# *Memorial Conference*

## *"Hrafn Sveinbjarnarson – a chief, pilgrim and a doctor"*

### *24 August, 2013, Hrafnseyri*

*Most people in Iceland are acquainted with Hrafnseyri for being the birthplace of Jón Sigurðsson (1811 – 1879), the leader of the Icelandic independence movement in the 19th century. Many people, however, do not know that Hrafnseyri is also the birthplace of Hrafn Sveinbjarnarson (d. 1213), from whom the place derives its name. During his lifetime, Hrafn Sveinbjarnarson was probably the most popular chief in Iceland. He was a keen traveller and travelled extensively, not only to Scandinavia, but also to France, Spain, and Italy. Hrafn was the first Icelander to acquire formal education in medicine. Scholars believe that he studied at the Salerno school, which was the oldest medical school in Europe, established in the 9th century in Salerno, Italy.*

*800 years ago, on 4th March, 1213, Hrafn Sveinbjarnarson was executed at Hrafnseyri by Þorvaldur from Vatnsfjörður in Ísafjaraðardjúp. In relation to the conference, walking tours took place on 22-24th August, where people followed in the footsteps of Þorvaldur and his men in 1213, when they walked from Vatnsfjörður in Ísafjarðardjúp to Hrafnseyri, in order to kill Hrafn Sveinbjarnarson.*

*A Memorial conference to Hrafn Sveinbjarnarson was held at Hrafnseyri on 24th August. The lectures were held in Icelandic and the Conference was open to everyone.*



2014



# Sr. Ólafur Jónsson á Söndum í tali og tónum

**Ráðstefna á Þingeyri,13. september 2014**

Ráðstefna um Ólaf Jónsson á Söndum var haldin í félagsheimilinu á Þingeyri við Dýrafjörð undir yfirskriftinni Sr. Ólafur Jónsson á Söndum í tali og tónum. Sex fræðimenn fluttu erindi um kveðskap sr. Ólafs og tónlistina við hann. Sönghópur frá Þingeyri undir stjórn Guðrúnar Jónsdóttur söngkonu flutti nokkur lög eftir skáldið og leikfélagið Höfrungur setti upp stuttan leikþátt með Elvari Loga Hannessyni.

Ráðstefnan var haldin á vegum Safns Jóns Sigurðssonar á Hrafnseyri og prófessorsembættis Jóns Sigurðssonar við Háskóla Íslands í samvinnu við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Þingeyrarkirkju og íþróttafélagið Höfrung á Þingeyri.

Séra Ólafur Jónsson (1560-1627) á Söndum í Dýrafirði var eitt af höfuðskáldum Íslendinga á fyrri hluta 17. aldar. Hann safnaði kvæðum sínum saman í eitt handrit, sem var skrifað upp mörgum sinnum eftir hans tíð. Nú á dögum er vitað um 25 eftirrit kvæðabókar Ólafs en eiginhandarrit hans er þó glatað. Við mörg af kvæðum Ólafs eru settar nótur og er talið að hann hafi jafnvel samið sum lögin sjálfur.

**Fyrirlesarar voru:**
Árni Heimir Ingólfsson, Margrét Eggertsdóttir, Þórunn Sigurðardóttir, Guðrún Laufey Guðmundsdóttir, Johnny Lindholm,og Ingibjörg Eyþórsdóttir.





# *Pastor Ólafur Jónsson in Sandar, via speech and music*

### *A conference in Þingeyri, 13 September, 2014*

*On 13th September, a conference called "Pastor Ólafur Jónsson in Sandar – via speech and music" was held in the Community Hall at Þingeyri in Dýrafjörður. Pastor Ólafur Jónsson (1560-1627) was one of the greatest Icelandic poets of the early 17th century, and six scholars from the Árni Magnússon Institute in Reykjavík talked about his poems and music at the conference.*

*The conference was scheduled by the Museum of Jón Sigurðsson at Hrafnseyri and the professoriate of Jón Sigurðsson at the University of Iceland, in cooperation with the Árni Magnússon Institute in Reykjavík, the Church in Þingeyri, and Höfrungur Þingeyri.*





2014

# The Royal Central School of Speech & Drama

Námskeið var haldið á Hrafnseyri þann 13. – 20. júlí, þegar fimm manna leikhópur frá The Royal Central School of Speech & Drama í London sótti staðinn heim og dvaldist þar við æfingar í viku tíma. Afraksturinn var svo sýndur í Edinborgarhúsinu á Ísafirði, og um haustið fór sýningin svo fram í „The Pleasance Theatre“ í London, og á „Emergency Festival“ í Manchester, Englandi.

# The Royal Central School of Speech & Drama

*13. – 20. July, 2014*

*A group of four students from the Royal Central School of Speech & Drama in London, UK, stayed in Hrafnseyri for a week, where they created and rehearsed their project. Afterwards, the group performed their results in Edinborgarhúsið in Ísafjörður, and later that autumn they performed the same project at the Pleasance Theatre in London, as well as at the Emergency Festival in Manchester, UK.*







# „Menningar- og sögutengd ferðaþjónusta á Vestfjörðum: Möguleikar og tækifæri“

**Málstofa í Edinborgarhúsinu á Ísafirði, 22. febrúar, 2015**

Málstofan „Menningar- og söguferðaþjónusta á Vestfjörðum: Möguleikar og tækifæri“ var haldin í Edinborgarhúsinu á Ísafirði í samvinnu við Prófessorsembætti Jóns Sigurðssonar við Háskóla Íslands, Hagnýta menningarmiðlun við Háskóla Íslands, Stofnun Rögnvaldar Á. Ólafssonar, Ísafirði og Safn Jóns Sigurðssonar, Hrafnseyri. Um 30 manns sóttu málstofuna, sem var opin öllum. Málstofan var endapunktur á nokkurra daga vettvangsferð nemenda í Hangýtri menningarmiðlun við Háskóla Íslands til Vestfjarða, þar sem þeir kynntu sér hin ýmsu verkefni í menningar- og sögutengdri ferðaþjónustu svæðisins, bæði með heimsóknum í fyrirtæki og stofnanir, og með því að hlýða á fyrirlestra um verkefni á svæðinu.

# Culture and Storytelling Tourism in the Westfjords: Possibilities and Chances

***A conference in Ísafjörður, 22 February, 2015***

*The conference was held by the Professoriate of Jón Sigurðsson at the University of Iceland, in collaboration with the department of Applied Culture and Communication at the University of Iceland, the Rögnvaldur Ólafsson Institute in Ísafjörður, and the Museum of Jón Sigurðsson, Hrafnseyri. Around 30 people participated in the conference, which was open to everyone. The Conference formed the end of a fieldwork project undertaken by students in the department of Applied Culture and Communication, who visited various institutions and private companies in the Westfjords, where they were introduced to various cultural and storytelling tourism projects.*








# „Fornleifarannsóknir á Vestfjörðum“

## Málstofa á Hrafnseyri

### Laugardaginn 8. ágúst, 2015. kl. 13:00 – 18:00

Málstofan „Fornleifar á Vestfjörðum“ var haldin á Hrafnseyri á vegum Sumarháskólans á Hrafnseyri, Náttúrustofu Vestfjarða og Prófessorsembættis Jóns Sigurðssonar, í samstarfi við Þjóðminjasafn Íslands, Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Vestfjörðum, Minjastofnun, Fjórðungssamband Vestfirðinga og Fornminjafélag Súgandafjarðar. Auk fyrri og yfirstandandi rannsókna á Hrafnseyri, voru kynntar ýmsar mjög áhugaverðar rannsóknir, bæði til sjávar og sveita, sem unnið er að á svæðinu.

(sjá:http://hrafnseyri.is/rannsoknir/Fornleifarannsoknir_a_Vestfjordum).

**Fyrirlesarar voru:**
Guðmundur Ólafsson fornleifafræðingur, Þjóðminjasafni Íslands; Margrét H. Hallmundsdóttir fornleifafræðingur, Náttúrustofu Vestfjarða; dr. Ragnar Edvardsson fornleifafræðingur, Rannsóknasetri Háskóla Íslands á Vestfjörðum; dr. Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir forstöðumaður Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Vestfjörðum; Eyþór Eðvarðsson, formaður Fornminjafélags Súgandafjarðar; Einar Ísaksson, minjavörður Vestfjarða; Gunnþóra Guðmundsdóttir, Minjastofnun Íslands og Jón Jónsson þjóðfræðingur, Fjórðungssambandi Vestfirðinga.





2015

# *"Archaeological Research in the Westfjords"*

## *The Museum of Jón Sigurðsson, Hrafnseyri*

***Saturday 08 August, 2015. 1:00 pm – 6:00 pm.***

*The conference was held at Hrafnseyri by the Summer University of Hrafnseyri, in collaboration with Natural History Institute in Bolungarvík, the Professoriate of Jón Sigurðsson at the University of Iceland, the Icelandic National Museum, the Research Centre of the University of Iceland in the Westfjords, the Cultural Heritage Agency of Iceland, the Association of Municipalities of the Westfjords, and the Archaeological Association of Súgandafjörður. Archaeologists presented their current research in the Westfjords, which included the present archaeological research at Hrafnseyri, as well as other very interesting archaeological research taking place both on land and at sea in the area.*



2015



# Fornleifauppgröftur

**Júní – júlí, 2015 á Hrafnseyri og Auðkúlu**

Þrír fornleifafræðingar undir forystu Margrétar Hallmundsdóttur frá Náttúrustofu Vestfjarða komu í lok júní og dvöldust í mánaðartíma á Hrafnseyri við fornleifarannsóknir. Í ljós kom að á Hrafnseyri og Auðkúlu hefur verið stunduð kola- og járnvinnsla af krafti á landnámsöld, en áður höfðu Margrét og félagar fundið jarðhýsi á Hrafnseyri frá 10. öld við rannsóknir sínar.

# *Archaeological Excavations at Hrafnseyri*

*In July 2015 three archaeologists carried out excavations at Hrafnseyri and at the neighbouring farm, Auðkúla. They discovered that our forefathers were quite good at producing charcoal and iron during the first years of settlement (around AD 880). The archaeologists also found houses from the beginning of the 10$^{th}$ century. The result of their excavation can be seen in the turf house (which houses the café) at Hrafnseyri.*







# Fornleifadagar

**18. - 19. júlí, 2015**

Dagana 18. og 19. júlí var haldinn opinn fornleifadagur á Hrafnseyri, þar sem Margrét Hallmundsdóttir og aðrir fornleifafræðingar á staðnum sýndu gestum fornleifauppgröft sinn og útskýrðu líf forfeðra okkar á Hrafnseyri. Afrakstur rannsóknarinnar var svo kynntur á ráðstefnunni „Fornleifar á Vestfjörðum" sem haldin var á Hrafnseyri þann 8. ágúst.

# *Archaeological Days at Hrafnseyri*

**18-19 July, 2015**

*An open "archaeological day" was held on July 18 and 19 at Hrafnseyri, where archaeologists introduced tourists and other interested guests to the excavations they had carried out over the last two summers. They described and explained the life of Icelanders in the Middle Ages.*







# „Margar myndir ömmu“
## Málþing um íslenskar ömmur, laugardaginn 19. september 2015 í Edinborgarhúsinu

„Málþing um íslenskar ömmur“ var haldið í Edinborgarhúsinu á Ísafirði í samstarfi Prófessorsembættis Jóns Sigurðssonar við Háskóla Íslands, Safn Jóns Sigurðssonar á Hrafnseyri og RIKK – Rannsóknarstofnunar í jafnréttisfræðum við Háskóla Íslands. Árið 2015 eru hundrað ár liðin frá því konur fengu kosningarétt til Alþingis á Íslandi og af því tilefni stóð RIKK fyrir fyrirlestraröð sem helguð var íslenskum ömmum. Markmiðið var að segja sögur kvenna sem lifðu þann tíma þegar nútíminn hóf innreið sína á Íslandi í lok 19. aldar og á fyrri hluta 20. aldar, og varpa ljósi á framlag þeirra, stöðu og aðstæður. Fyrirlestrarnir voru gríðarlega vinsælir og því spratt upp sú hugmynd að flytja þá út fyrir höfuðborgina og halda málþing um sama efni á nokkrum stöðum um landið, þar á meðal á Ísafirði.

### Fyrirlesarar voru:
Ármann Jakobsson, prófessor í íslenskum bókmenntum við Háskóla Íslands; Jóna Símonía Bjarnadóttir, forstöðumaður Safnahússins á Ísafirði; Valdimar J. Halldórsson, mannfræðingur og staðarhaldari á Hrafnseyri og Þóra Þórðardóttir, fyrrverandi kennari við Gunnskóla Suðureyrar.







# "Grandmothers in Iceland"

***Ísafjörður, 19 September, 2015***

*2015 marked a hundred years since women in Iceland were granted the right to vote in parliamentary elections. RIKK, the Institute for Gender, Equality and Difference at the University of Iceland, decided therefore to hold several conferences in various places in Iceland during the year, where women and men could tell stories about their grandmothers. The main purpose of these conferences was to focus on the life, situation, status, and role of women in Icelandic society at the end of 19$^{th}$ and early 20$^{th}$ centuries. The conference in Ísafjörður was held by RIKK in collaboration with the Professoriate of Jón Sigurðsson, the University of Iceland, and the Museum of Jón Sigurðsson at Hrafnseyri.*







# Nemendur frá Manitoba háskóla í Kanada

**19. – 23. júní, 2015**

Dagana 19. - 23. júní dvöldust níu nemendur frá Manitoba háskóla í Kanada við nám á Hrafnseyri undir leiðsögn tveggja kennara sinna, og létu mjög vel af dvölinni, en undanfarin sumur hefur skólinn komið með nemendur á Vestfirði og m.a. tekið þátt í ráðstefnum og námskeiðum sem haldin hafa verið á Hrafnseyri. Nemendur kynntu verk sín í Hrafnseyrarkapellu, þar sem flutt var tónverk, ljóð og ýmsar frásagnir í máli og myndum, auk lítillar listsýningar.





# *Students from Manitoba University, Canada, visit Hrafnseyri*

### *19-23 June, 2015*

*Nine students from the University of Manitoba in Canada stayed at Hrafnseyri for four days in June, together with two of their teachers. Students from this university have often visited the Westfjords, and have sometimes participated in some of the courses and conferences that have been held at Hrafnseyri over the years. Before leaving Hrafnseyri, the students performed the results of their stay, in the form of their own poetry, music, short stories, and a small art exhibition.*







# „Affect“ og rannsóknir!

## Vinnustofa fyrir master- og doktorsnema

### Hrafnseyri, 24. – 26. júní, 2016

Vinnustofa sem var leidd af einum fremsta fræðimanni heims í „affect“ fræða, Gregory J. Seigworth, prófessor við Millersvill háskólann í Pensilvaníu í Bandaríkjunum. Aðrir erlendir gestakennarar/rannsóknarfólk, sem nota kenningar um „affect“ í rannsóknum sínum, voru til aðstoðar nemendum í gegnum Skype.

Níu ár voru liðin síðan bókin *The Affective Turn. Theorizing the social* kom út en bókin innihélt greinar um ný og spennandi viðhorf. Margar greinar og bækur sem byggja á „affect“ hugtakinu hafa síðan verið skrifaðar af fræðimönnum innan ýmissa fræðigreina.

Sumir félagsvísindamenn hafa skoðað tilfinningaástand og raskanir þeim tengdum á líkama og hugarfar fólks. En „affect – rannsóknir“ geta líka leitt til mun víðtækari rannsókna á áhrifum, hreyfingum og breytingum almennt, þegar „affect“ (þ.e. „hrif“) er skilgreint sem kraftur eða afl sem kemur fólki, dýrum, hlutum eða atburðum á hreyfingu, eða lýsir sér sem ástand þar sem viðkomandi hvílir í og er „gegnsósa“ af einhverjum „hrifum“. Þegar viðfangsefnin eru rannsökuð út frá hugtakinu „affect“ , er um að ræða breytingu frá viðurkenndum kenningum og rannsóknaraðferðum til viðhorfa sem byggja á lífskrafti/-orku (e. vitalism), ferli atburða/hluta (e. process) og því sem mögulega getur gerst í náinni framtíð.





# "Affect as a Research Strategy"
## Workshop for master's and PhD students
### Hrafnseyri, 24-26 June, 2016

Teacher: Professor Gregory J. Seigworth, Millersville University, Pennsylvania, USA.

Other international guest teachers/researchers, specialising in affect theory, were available to students in the workshop through Skype.

Nine years have passed since the book "*The Affective Turn. Theorizing the Social*" (2007) was published; a collection of essays which extended some of the most productive existing trends in research on the body and emotions, and opened "new avenues for study…politics", to quote Michael Hardt from the foreword of the book.

Since then, many articles and books on affect theory have been written within various fields of the humanities, the social sciences, and other disciplines.

Scientists interested in affect have investigated emotional states and the disturbances they cause in the body and mind. But the study of affect can also lead to much more general modes of influence, movement and change, when affect is regarded as a force or an active relation. The turn to affect signifies for these researchers, a more extensive ontological and epistemological upheaval than adding emotion to the inventory of social research topics. It marks a moment of paradigm change. The turn to affect becomes a decisive shift away from the current conventions of critical theory, away from research based on discourse, talk and texts, towards more vitalism, post human and process-based perspectives. The focus of study is then on "becoming", and the "potential".

